



Fjallaskilaneftir Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

47. fundur fjallaskilaneftir Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, fimmtudaginn 29. júlí 2026 kl. 09.⁰⁰ f.h.

Fundinn sátu:

Bergur Guðmundsson, formaður

Guðrún Sigurðardóttir

Auður Gunnarsdóttir í fjarveru Benedikts Gústavssonar

Steinar Sigurjónsson, starfsmaður nefndarinnar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson.

1. Fjallferðir.

Farið var yfir fyrirkomulag leita í Grímsnes- og Grafningshreppi. Leitir verða sem hér segir:

Grímsnes

Tögl/Miðfellshraun smalað 5. september

Lyngdalsheiði/Kaldárhöfði/Efri-Brú smalað 6. september

Vesturleit/Pingvallasveit smalað 12. – 13. september

Austurleit smalað 11. – 13. september

Réttað verður í Kringlumýri laugardaginn 5. september og í Klausturhólarétt mánudaginn 7. september.

Grafningur

Fyrsta leit í Grafningi verður 11. – 13. september

Réttað verður í Grafningsrétt mánudaginn 14. september

Seinni leit í Grafningi verður 25. – 27. september

Sandfell og Ölfushólar verða smalaðir á tímabilinu 28. september – 2. október

2. Fjallseðlar

Fjallseðlar 2026 lagðir fram og samþykktir samhljóma.

3. Þjóðgarðsgirðing

Fjallaskilaneftir skorar á Þjóðgarðinn á Þingvöllum að laga markagirðingu frá Ingólfshólfi niður að Hlíðargjá fyrir næsta sumar og uppfylla þar með ákvæði laga nr. 47/2004 um vernd gegn lausagöngu búffjár.

Starfsmanni nefndarinnar falið að ræða við þjóðgarðsvörð um málið.



Fjallaskilaneft Grímsnes- og Grafningshrepps

4. Landbótaáætlun

Farið yfir stöðu á landbótaáætlun. Gera þarf nýja áætlun þar sem núverandi áætlun er að renna út um áramót. Starfsmanni falið að gera drög að nýrri áætlun og leggja fyrir nefndina til samþykktar.

5. Önnur mál

Rætt um undirbúning fyrir fjallferðir. Laga þarf rétt í Kringlumýri fyrir smalamennskur. Einnig þarf að yfirfara rétt á Hofmannaflöt og Ingólfshólfi. Lagt er til að bætt verði við einu hólfi í Klausturhólaréttum og að því verði komið inn á fjárhagsáætlun næsta árs. Farið yfir stöðuna á nýjum skála í Kerlingu.

Starfsmaður nefndarinnar mun fara og yfirfara skála og girðingar fyrir fjallferðir.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:30.